



GRINDAVÍKURBÆR

Til fræðslustjóra og bæjar- og sveitarstjóra

Efni: **Málefni Grindavíkur**

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur á síðustu dögum verið að taka ýmsar stórar ákvarðanir sem snúa að rekstri og þjónustu sveitarfélagsins m.a. varðandi málefni leik- og grunnskóla. Meðal ákvarðana sem teknar hafa verið er að ekkert skólastarf verður í Grindavík næsta skólaár. [Safnskólar fyrir leik- og grunnskólabörn verða lagðir af.](#) Þess í stað er lögð áhersla á að börn sækji skóla sem næst sínu heimili. Foreldrar og forráðamenn þurfa því að sækja um skólavist fyrir börn sín í sínu nær-samfélagi þar sem þau munu búa. Með ákvörðunum sínum vill bæjarstjórn stuðla að stöðugleika í lífi barna og minnka álag á fjölskyldur. Þá er markmiðið að tryggja börnum og ungu fólki gott umhverfi fyrir leik og nám og vinna gegn félagslegri einangrun og tilfinningalegum erfiðleikum.

Bæjarstjórn fékk Menntavísindasvið Háskóla Íslands til að vinna [greinargerð fyrir sig um börn, félagslegar þarfir og skólagöngu í kjölfar náttúruhamfara](#) og byggir ákvarðanir sínar m.a. á því sem þar kemur fram.

Lögheimili

Ljóst má vera að þegar uppkaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík koma til framkvæmda koma fjölskyldur að öllum líkindum til að færa lögheimili úr Grindavík í nýtt sveitarfélag.

Grunnskóli: Skólasókn grunnskólabarna með lögheimili í Grindavík

Með ákvörðun bæjarstjórnar kemur fram að sveitarfélagið mun uppfylla fræðsluskyldu sína með samningi við annað sveitarfélag og greiða fyrir skólavist þeirra grunnskólabarna sem verða með búsetu og/eða lögheimili í Grindavík.

Grunnskóli: Innritun í grunnskóla í nær-samfélagi

Óskað er eftir samstarfi og áframhaldandi velvilja sveitarfélaga um að tekið verði á mótí umsóknum foreldra um grunnskólagöngu fyrir börn sín og þau fái sömu afgreiðslu og aðrir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, enda flytji þeir lögheimili sitt í sveitarfélagið eigi síðar en í ágúst. Gera má ráð fyrir að einhver börn, einkum á unglingastigi grunnskóla, vilji gjarnan vera áfram með vinum sínum sem búa í öðru skólahverfi eða jafnvel öðru sveitarfélagi og gott væri ef hægt væri að koma til móts við slíkar óskir.



GRINDAVÍKURBÆR

Samhliða þessu er óskað eftir samvinnu við að stilla upp skýrum leiðbeiningum fyrir foreldra grindvískra grunnskólabarna um hvernig þau innrita barn í grunnskóla og sækja um frístundastarf í því sveitarfélagi sem þau setjast að í.

Leikskóli: Umsóknir um leikskóla

Margir foreldrar hafa innritað börn sín í leikskóla í sínu nær-samfélagi. Aðrir hafa sótt um en verið vísað frá vegna lögheimilisskráningar þ.e. eru enn með lögheimili í Grindavík.

Óskað er eftir samstarfi og áframhaldandi velvilja sveitarfélaga um að tekið verði á mótum umsóknum foreldra um leikskóla og þeir fái sömu afgreiðslu og aðrir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi enda flytji þeir lögheimilið í sveitarfélagið enda er gert ráð fyrir að foreldrar flytji lögheimili

Samhliða þessu er óskað eftir samvinnu við að stilla upp skýrum leiðbeiningum fyrir foreldra grindvískra leikskólabarna um hvernig þau sækja um leikskóladvöl í því sveitarfélagi sem þau setjast að í.

Vinsamlegast fyllið út upplýsingar sem leiðbeina foreldrum hvernig þau innrita barn í leik- og grunnskóla í þínu sveitarfélagi og sækja um frístundastarf.

Leiðbeiningarnar verða síðan þýddar á nokkur tungumál.

Sálfélagslegur stuðningur

Í greinargerð Menntavísindasviðs kemur fram að rannsóknir hafi sýnt að börn sem verða fyrir áhrifum náttúruhamfara búa við verri andlega og líkamlega heilsu í allt að þrjú ár eftir að hamförunum lýkur. Áföll af því tagi sem Grindvíkingar hafa orðið fyrir í þeim náttúruhamförum sem ekki sér fyrir endann á eru mikil og afar brýnt að brugðist sé við þeim sem fyrst. Í því skyni býður Grindavíkurbær með stuðningi stjórnvalda upp á sálfélagslegan stuðning fyrir börn og ungmenni í formi námskeiða, viðtala og fjölskylduráðgjafar. Þess er vænst að sú aðstoð haldi áfram um hríð þó svo Grindvíkingar flytji lögheimili sín. Nú er hægt að sækja um sálfélagslegan stuðning fyrir börn og unglinga frá Grindavík á island.is eða með því að senda tölvupóst á radgjof@grindavik.is.

Bæjaryfirvöld í Grindavík vilja þakka allan þann velvilja og stuðning sem sveitarfélög hafa sýnt Grindvíkingum á þessum krefjandi tímum. Sérstakar þakkir til fræðslustjóra sem hafa alltaf brugðist vel við þegar leitað hefur verið eftir samstarfi vegna málefna barna og fjölskyldna þeirra.

Góðar kveðjur

Jóhanna Lilja Birgisdóttir Yfirsálfræðingur/deildarstjóri

Félagsþjónustu- og fræðslusvið Grindavíkurbæjar